

## 7. fundur 2011 2. ágúst, allir aðalmenn mættu.

### 1. Laugargerðisskóli.

#### a) Skýrsla frá HEV lögð fram til kynningar.

Farið yfir atriði sem HEV gerir kröfur um að séu lagfærð.

#### b) Klár ehf. óskar eftir rekstrarleyfisendurnýjun vegna gististaðar í V. flokki Hótel með rýmkuð veitingartíma áfengis, í sumarhótelu sem rekið er í Laugargerði.

### 2. Breiðablik.

#### a) Lagfæring á þaki. Ákveðið að skoða þakið betur og dúkara til að gera tilboð í ákveðna hluti

#### b) Umsókn um rekstrarleyfi.

Farið yfir umsagnir HEV, vinnueftirlitsin og slökkviliðsstjóra. Ákveðið að fara í þau atriði sem þar er sett út á eins fljótt og kostur er.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við umsóknina og er samþykkt veitingaleyfi.

### 3. Bréf frá sveitarstjórn Dalabyggðar var lagt fram til umræðu.

Ákveðið að svara bréfinu og skýra út af hverju var ákveðið að senda út álagningu fasteignagjalda vegna Laugargerðisskóla. Jafnframt að senda hugmyndir/viðhorf sveitarfélagsins um rekstur á sameiginlegri eign.

### 4. Bréf vegagerðarinnar.

Vegagerðin veitir styrk til viðhalds vegar að Rauðamelsölkeldu. Ákveðið að hafa samband við Björn Jónsson héraðsstjóra vegagerðarinnar um framkvæmdina.

### 5. Fundargerð fræðslu- og skólanefndar lögð fram.

Nokkur umræða hlaust um fundargerðina.

### 6. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar lögð fram.

Hún samþykkt samhljóða með einni leiðréttingu.

### 7. Hitaveitumál.

Oddviti kynnti stöðu mála. Ákveðið að halda áfram með málið í samræmi við stefnu sveitarstjórnar

### 8. Ýmis bréf til kynningar.

Starfsleyfi fyrir vinnslu fiskúrgangs. Þresti falið að skoða málið frekar.